

## Samandregnar niðurstöður úr vinnufundi vegna stefnumótunar í ferðapjónustu Ísafjörður 1. mars 2016

Eftirfarandi samantekt verður hluti þeirra grunngagna sem Ferðamálasamtök Vestfjarða munu nota til þess að móta stefnu fyrir ferðamál á Vestfjörðum. Samantektin inniheldur þau atriði sem komu fram í vinnuhópum á Ísafirði á fundi þann 1. mars 2016.

### Einkenni svæðisins

Landfræðileg einkenni: hafið, fjöllin, firðir, fuglabjörg, landslag, nálægð við heimskautið, heitar laugar og jarðfræðileg sérstaða.

Einkenni af náttúrunnar hendi: snjór, ósnortin og tær upplifun af náttúrunni, norðurljós, myrkur, refurinn, vetur og nætursól á sumrin.

Einkenni sem hafa skapast; kyrrð, friðsæld, sjávarútvegurinn, fámenni, menningarlíf, útivist, skíðamening, gömul hús, lítil sjávarþorp, dreifð byggð, utan alfararleiðar.

### Einkennisstaðir

Þeir staðir sem einkenna Norðanverða Vestfirði og komu fram í meirihluta umræðuhópa eru:

**Hornstrandir, Dynjandi, Bolafjall.**

Aðrir staðir sem voru oft nefndir en ekki í meirihluta hópanna:

**Skálavík, Kaldalón og Jökulfirðir.**

Aðrir staðir sem voru nefndir:

**Vigur, Æðey, Ísafjarðardjúp, Surtarbrandsnáman í Bolungarvík.**

### Aðdráttarafli sem hægt er að byggja upp

Til framtíðar litið þá eru fyrrgreindir einkennisstaðir þeir sem hægt verður að byggja á en því til viðbótar verður horft til eftirfarandi staða með tækifæri til uppbyggingar í huga (raðað eftir því hversu oft þeir voru til umræðu milli hópa):

- Álftafjörður, Gláma, Reykjanes
- Arnarfjörður, Drangajökull, Bolungarvík, Fofafótur, Galtarviti, Heydalur, Ingjaldssandur, Óshlíðin, Skrúður, Súðavík, Svalvogar
- Aukið aðdráttarafli gæti veri fólgið í gönguleiðum, gömlu húsunum, litlu skúrunum í Fjarðarstrætinu á Ísafirði, að byggja upp „hringveg 2“ eða grænan hringveg á Vestfjörðum

Nánar er fjallað um aðgerðir í næstu köflum.

## Aðgerðir til að byggja upp sértæka staði eða þætti

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem fundargestir töldu nauðsynlegt að vinna að til að efla þá staði eða þætti sem búið er að gera grein fyrir.

Atriðunum er raðað eftir þeim borðstjórum sem héldu utan um vinnuhópana og listanum er raðað eftir forgangs röðunn þátttakenda í vinnuhópum.

### Borð 1 – Borðstjóri Shiran

- Bæta merkingar og gæði áningastaða í Ísafjarðardjúpi. Bæta merkingar fyrir göngustíga og reiðhjólaleiðir.
- Ísafjörður/Mjósund; gera hús sem hýsa ferðapjónustu, minjagripabúð, fiskveitingahús, og upplýsingamiðstöð.
- Gera sýningu um Hornstrandir.
- Á Reykjanesi þarf að byggja gróðurhús þar sem hægt er að kaupa grænmeti og veitingahús þar sem er bara staðbundið hráefni.
- Það þarf að fjölga hótél valkostum á Ísafirði.

### Borð 2 - Borðstjóri Díana

- Í tengslum við Drangajökul og Kaldalón þarf að byggja upp meiri ferðamennsku með léttum jeppaslóða og koma upp bryggju við Dalbæ.
- Í botni Álftafjarðar þarf að koma upp meiri upplýsingum, göngustígum og fjallahjólástígum.
- Í Ísafjarðardjúpi þarf að byggja upp fleiri áningastaði.
- Það þarf að útbúa Dynjanda þannig að hann geti tekið við ferðamönnum að vetrarlagi. Í því er forsendan samgöngur og jarðgöng.
- Á Bolafjalli þarf að opna veginn fyrir á árinu, gera göngustíga og markaðssetja betur.
- Í kringum Glámu þarf að gera gönguleiðir og gera aðgengilegt sem ferðamannastað að vetrarlagi.
- Efla þarf áhugverða sögustaði með betri upplýsingagjöf og markaðssetningu.

### Borð 3 – Borðstjóri Jón Páll

- Á Dynjanda þarf að bæta aðstöðu (bílastæði, salerni o.s.frv). Það þarf að gera fleiri stíga og huga að landvernd. Það þarf að vera starfsfólk á staðnum. Veitingasala og þjónustumiðstöð.
- Á Bolafjalli þarf að opna fyrrog laga veginn. Það þarf ekki að moka en semja við aðila um að ferja fólk upp á fjallið þegar ófærð er. Það þarf þjónustuhús á fjallinu með veitingar, salerni og glersvalir. Þessi upplifun á bara að vera í boði með leiðsögumönnum.
- Gönguleiðir í byggð þarf að skilgreina betur, það þarf að mekja gönguleiðir, gera stíga og markaðssetja. Það þarf að leggja áherslu á gönguleiðir sem eru frá bæ í bæ. Það er búið að vinna vinnu nú þegar sem hægt er að fylgja eftir og nota.
- Skíðasvæðið þarf að auka sýnileika sinn og bæta þjónustu. Það þarf að fara í framkvæmdir á svæðinu og skilgreina svæðin tvö vel, þau eru ólík með sín sérstöku einkenni. Í kringum svæðið þarf að bæta upplýsingamiðlun til fjallaskíðafólks. Það á að einblína á nýjan markhóp sem er einstaklingar 25 ára og eldri. Þetta er stórt fjárfestingaverkefni sem þarf að ráðast í.
- Hafnir svæðisins eru aðdráttarafli sem hægt er að efla með því bæta aðstöðu og aðbúnað fyrir skemmtiferðaskip og skemmtiferðaskipamenn, bæta aðstöðu fyrir bátatengda starfsemi. Þjóða þarf upp á veitingastarfsemi á svæðinu. Höfnin er sviðið og það þarf að búa til áhorfendastúku.
- Í Fjarðarstrætinu á Ísafirði er húsalengja sem þarf að endurbyggja þar sem hægt væri að hýsa skapandi greinar og sprotafyrirtæki.

#### Borð 4 - Borðstjóri Ásgerður Þorleifsdóttir

- Á Bolafjalli þarf að bæta veg, aðstöðu og salerni.
- Í Skálavík þarf að bæta veg, aðstöðu og salerni.
- Á Dynjanda þarf að bæta aðstöðu.
- Á Hornströndum þarf að skilgreina betur þarfir ferðamanna og hvernig eigi að takmarka aðgengi.
- Á Óshlíðinni þarf að setja bílastæði.
- Það þarf aukna fjármuni í uppbygginu og skipulagsmál á fyrrgreinda staði.

#### Borð 5 – Borðstjóri Þórdís

Það þarf að byggja upp þá staði sem eru þegar til staðar sem aðráttarafi áður en farið er í vörubróun annarra staða. Efla það sem fyrir er:

- Hornstrandir; huga að stígagerð og náttúruvernd og huga að aðgengi að svæðinu.
- Uppbygging á Reykjanesi sem Spa áfangastaðar.
- Ísafjörður sem áfangastaður og menningarbær.
- Jökulfirðir; uppbygging gönguleiða og aðgengi að jökli.
- Í kringum Glámu þarf að merkja gönguleiðir.
- Betri aðstöðu á Dynjanda .
- Bæta merkingar og aðstöðusköpun í kringum Svalvoga.
- Byggja upp aðstöðu í kringum Skrúð.
- Halda utan um gömlu þorpsmyndirnar.

### Almennar aðgerðir

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem fundargestir töldu nauðsynlegt að vinna að til að efla ferðapjónustu almennt.

#### Borð 1 - Borðstjóri Shiran

- Gæðamál og gæðavitund fyrirtækja þarf að aukast og má nota gæðakerfið eins og Vakann til þess ná árangri í því.
- Það þarf að fara í „branding“ vinnu fyrir Vestfirði.
- Það þarf að auka viðhald og fegra umhverfið í bæjunum og sjávarþorpunum.
- Ferðapjónar þurfa að tileinka sér upplýsingatækni og stafræna tækni.
- Auka þarf samvinnu, samstarf og jákvæðni á svæðinu.

#### Borð 2 – Díana

- Ímynd svæðisins þarf að bæta.
- Svæðaskipulag fyrir ferðapjónustu.
- Auka markaðssetningu svæðisins.
- Það þarf nýjan flugvöll á Norðanverða Vestfirði.

- Aukna áherslu opinberra aðila á Vestfirði og landsbyggðina.
- Vöruþróun.
- Að efla samgöngur.
- Gæði umfram magn.
- Skýra stefnu.
- Auka samvinnu.

### Borð 3 – Borðstjóri Jón Páll

- Fjármögnun á aðgerðaáætlun.
- Auka markaðssetningu.
- Efla samgöngur.
- Auka samstarf.
- Það þarf leiðtoga og skýra sýn sveitarfélaga við Djúp.
- Skipulögð vinnubrögð.
- Tiltekt á innviðum.

### Borð 4 – Borðstjóri Ásgerður Þorleifsdóttir

- Aukin fjárfesting.
- Betri samgöngur.
- Aukin samvinna.
- Aukin markaðssetning.
- Hraðari uppbygging innviða.
- Aukin menntun.
- Aukin afþreying.
- Betri dreifing.

### Borð 5 – Þórdís Sif Sigurðardóttir

- Það þarf að efla nám í ferðapjónustu og leiðsögumennsku.
- Upplýsingagjöf til ferðamanna þarf að bæta.
- Bæta þarf samgöngur á svæðinu.
- Það þarf að skipa ferðasendiherra fyrir Vestfirði.
- Auka framboð á heilsársferðamennsku.
- Auka fjölbreytni í gistiheimilum.